



Handbók fyrir

Goðamót Þórs

6 kvk – 1.-3. apríl 2016



Goðamót 2016 - 6 kvk



Mótsstjórn og símanúmer – Aðsetur mótsstjórnar er á 2. hæð í Hamri, félagsheimili Pórs.

Mótsstjóri: Haraldur Ingólfsson, s. 824 2778. **Ljósmyndari:** Páll Jóhannesson. **Veitingasala:** Heimir Guðlaugsson. **Yfirumsjón gistingar:** Guðni Þór Ragnarsson. **Gjaldkeri:** Eiður A. Pálmason. Vefur mótsins: mot.thorsport.is og www.facebook.com/godamot.

Hamar, félagsheimili Pórs: 461 2080. Læknavaktin á Akureyri: 848 2600.

Glerárskóli - Vakt í Glerárskóla: Foreldrar í sjálfboðavinnu, sími vaktmanns er 698 5051.

- Vinsamlega notið skóhillur sem merktar eru hverju liði fyrir sig.
- Virðið búnað skólans, verk nemenda og allt sem í skólanum er.
- Boltaleikir eru bannaðir innan dyra, einnig hlaup og eltingarleikir.
- Millistykki eru til láns hjá vaktm ann.
- Matsalurinn er opinn til að borða nesti. Brauðgrill má aðeins nota í matsalnum, við opinn glugga, en hvorki í stofum og gangi. Vinsamlega gangið frá að lokinni notkun.
- Liðin eru á ábyrgð fararstjóra, vaktmaður mótsins er ekki barnapía.
- Vaktmaður læsir og opnar stofur ef óskað er.
- Mælst er til að ró sé komin á svefnstað kl. 23.00. Skólanum er læst á miðnætti.



Reglur og keppnisfyrirkomulag

- Allir keppendur fá sams konar þátttökupening, allir keppendur fá mótsgjöf frá Goða. Aðeins er bikar fyrir 1. sætið í hverri deild.
- Leikir í forkeppni A og B eru 1x12 mínútur, allir aðrir leikir eru 2x10 mínútur.
- Markamunur skiptir aldrei máli við röðun liða, ekki heldur skorud eða fengin á sig. Ef lið eru jöfn að stigum raðast þau eftir innbyrðis viðureign(um) og síðan hlutkesti ef þarf.
- Öll úrslit eru skráð með að hámarki þriggja marka mun.
- Leikið er í fimm manna liðum. Skiptingar eru frjálssar. Ekki má skora úr upphafsspyrnu. Markmenn mega taka bolta upp með höndum eftir sendingu samherja og eftir innkast. Leikmenn geta ekki verið rangstæðir. Einungis eru beinar aukaspyrnur og skulu mótherjar vera a.m.k. 6 m frá.
- Ef markamunur er orðinn meiri en þrjú mörk er liðinu sem er undir heimilt að bæta inn leikmanni (tveimur eða fleiri ef munurinn er 6+), en ef munur fer aftur niður í þrjú mörk skal aftur jafna í liðunum.
- Ekki er spilað beint um sæti frá fimmta og niður úr heldur er raðað í báða leiki sunnudagsins að lokinni keppni á laugardegi þannig að sem flest lið fái jafningjaleiki, en þó með það til hliðsjónar að lágmarka fjölda innanfélagsleikja.

Argentína og Brasilía

A og B-lið eru sameinuð í stuttri forkeppni sem fram fer á föstudegi. Liðunum 16 er skipt í fjóra riðla og spilaðir styttri leikir (1x12 mínútur). Tvö efstu í hverjum riðli fara í keppni A-liða, tvö neðri í keppni B-liða. Eftir það er hvor flokkur spilaður í einni 8 liða deild, allir gegn öllum (engir úrslitaleikir).

Chile og Danmörk

12 lið í hvorri deild, skipt í tvo sex liða riðla. Tvö efstu liðin í hvorum riðli fara í undanúrslit. Liðin sem eru í 3.-6. sæti í riðlunum fá svo tvo viðbótarleiki á sunnudegi við lið á svipuðu róli í hinum riðlinum.

Goðamót 2016 - 6 kvk



Föstudagur 1. apríl

Boginn



Kl. 16.00-19.00: Fótboldi. Sjá leikjaplan á mot.thorsport.is og [Facebook.com/godamot](https://www.facebook.com/godamot). Leikjadagskrá og úrslit eru einnig hengd upp í búrinu við miðju Bogans.

Munum að þetta er leikur. Berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins og sýnum framkomu sem er sjálfum okkur og félaginu okkar til sóma og börnunum okkar til eftirbreytni. Göngum vel um, hendum rusli í tunnur og berum virðingu fyrir húsinu og búnaði þess.

Kl. 16.00-19.00: Liðsmyndatökur - Ljósmyndari Goðamótanna tekur liðsmyndir við stóra Goðamerkið í miðjum Boganum. Myndirnar verða aðgengilegar öllum á mot.thorsport.is og Facebook-síðu Goðamótanna, þangað sem allir geta sótt þær.

Hamar

Kl. 15-18: Gjaldkerinn á vaktinni. Afhending armbanda. Þau félög sem ekki hafa þegar millifært mótsgjaldið gangi frá greiðslu í Hamri fyrir fyrsta leik. Mótsstjórinn verður áfram á vaktinni fram á kvöld og geta þau lið sem eru búin að borga því nálgast sín armbönd. Ekki verður formlegur fararstjóra- eða þjálfarafundur, en allir velkomnir í spjall.

Glerárskóli

Kl. 15.00: Skólinn opnaður. Athugið að ekki er hægt að hleypa liðum fyrr inn í skólann.

Kl. 18.30-20.00: Kvöldmat. Innifalið í mótsgjaldinu hjá þeim liðum sem gista. Sýna þarf armband mótsins. Stakar máltíðir kosta 1.000 kr. Aðeins tekið við peningum. Minnum á tímaskipulagið fyrir matartímana sem birt hefur verið á vef mótsins.

Ýmis afþreying

Kl. 17.30-21.00: Glerárlaug. Frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Minnum á tímaskipulagið fyrir sundferðir sem birt hefur verið á vef mótsins.



Sambíóin. Tilboð: (1) Bíómiði á 650 kr., (2) bíómiði, lítill popp, lítið gos á 1.050 kr., (3) bíómiði, miðstærð popp og miðstærð gos á 1.200 kr., (4) bíómiði, lítið popp og safi á 1.100 kr. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*



Laugardagur 12. mars

Boginn

Kl. 09.00-17.00: Fótboldi. Munum að þetta er leikur. Berum virðingu fyrir öllum þátttakendum leiksins og sýnum framkomu sem er sjálfum okkur og félaginu okkar til sóma og börnunum okkar til eftirbreytni. Göngum vel um, hendum rusli í tunnur og berum virðingu fyrir húsinu og búnaði þess.

Kl. 09.00-12.00: Liðsmyndatökur - Ljósmyndari Goðamótanna tekur liðsmyndir við stóra Goðamerkið í miðjum Boganum. Myndirnar verða aðgengilegar öllum á mot.thorsport.is og Facebook-síðu Goðamótanna, þangað sem allir geta sótt þær. Einnig hægt að fá liðsmyndatökur við verðlaunaafhendingu á sunnudeginum.



Goðamót 2016 - 6 kk



Hamar

Kl. 8.45-17.00: Veitingasala í Hamri. Goðakjötsúpan fræga og fleira gott.

Glerárskóli



Kl. 7.45-9.30: Morgunverður. Sýnið armbandið. Stakur morgunverður á 500 kr.
Kl. 12.00-13.30: Hádegisverður. Sýnið armbandið. Stakar máltíðir á 1.000 kr. Þessi máltíð er einnig innifalin hjá þeim liðum sem ekki gista í skólanum, þ.e. Þór og KA.
Kl. 18.30-20.00: Kvöldverður. Sýnið armbandið. Stakar máltíðir á 1.000 kr.
Munið eftir tímaplani mótsins fyrir öll lið í matartímana.

Ýmis afþreying

Kl. 09.00-18.30: Glerárlaug. Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Munið tímaplanið.

Ísrútan frá Hamri í Ísgerðina í Kaupangi



Kl. 15.00-17.30: Ísgerðin í Kaupangi við Mýrarveg. Rútuferðir frá Hamri (félagsheimili Þórs) í boði **Hópferðabíla Akureyrar**. Fyrirfram ákveðið tímaplan fyrir öll lið sem birt hefur verið á vef mótsins og hangir uppi í Boganum. Fullorðinn fararstjóri/liðsstjóri þarf að fara með öllum liðum. Brottfarir frá Hamri kl. 15.00, 15.30, 16.00, 16.40 og 17.10. **Athugið að ísinn er aðeins í boði fyrir þátttakendur sem fara með rútinum frá Hamri. Ísgerðin býður einnig fjölskyldum keppenda 20% afslátt af ís á meðan mótið stendur yfir.**



Sambíóin. Tilboð: (1) Bíómiði á 650 kr., (2) bíómiði, lítill popp, lítið gos á 1.050 kr., (3) bíómiði, miðstærð popp og miðstærð gos á 1.200 kr., (4) bíómiði, lítið popp og safi á 1.100 kr. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*

Ísgerðin

Akureyri

Goðamótsgestir, verið hjartanlega velkomin til okkar í Ísgerðina.

GOÐI ÞÓR

20% afsláttur af ís fyrir keppendur og fjölskyldur þeirra alla helgina!

Barna-bragðarefur á 600 kr.

ERUM Á FACEBOOK

Kaupangi // Sími 469 4000 // Opið virka daga 14-23 // Helgar 12-23

Goðamót 2016 - 6 kk



Sunnudagur 3. apríl

- Glerárskóli** Kl. 7.45-9.30: **Morgunverður.** Sýnið armbandið. Stakur morgunverður á 500 kr. Minnum á tímaskipulagið.
- Boginn** Kl. 09.00-13.20: **Fótbolti.** Keppendur hafa aðgang að sturtum í Hamri eftir síðasta leik ef óskað er.
Verðlaunaafhending og liðsmyndataka er við Goðaborðana í miðjum Boganum um leið og keppni lýkur í hverjum flokki.
- Hamar** Kl. 10.30-12.30: **Niðurskornir ávextir** í boði í Hamri.
Kl. 10.30-12.30: **Goðagrillið.** Grillaðar pylsur og Svali fyrir þátttakendur. Munið tímaplanið. Við vekjum athygli á að pylsupartíð stendur ekki fram yfir lok móts þannig að sum lið mæta í pylsurnar fyrir lokaleiki sína í mótinu.
- Ýmis afþreying** Kl. 09.00-12.00: **Glerárlaug.** Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Minnum á tímaplanið. Lið sem ljúka keppni eftir að sundlauginni er lokað hafa aðgang að sturtum í Hamri ef óskað er.

